

Hafnarfirði, 30. október 2020

Mál nr. 1912085

Verklagsreglur varðandi val á íþróttaliði, íþróttakarli og íþróttakonu Hafnarfjarðar

1. grein

Íþróttá- og tómsbundanefnd gengst ár hvert fyrir útnefningu og vali á liði ársins, íþróttakarli og íþróttakonu ársins í Hafnarfirði.

2. grein

Íþróttá- og tómsbundanefnd felur Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar um undirbúning að vali íþróttamanns ársins. ÍBH óskar eftir tilnefningu um íþróttalið, íþróttakarli og íþróttakonu frá öllum aðildarfélögum sínum í byrjun nóvember ár hvert. Skilafrestur tillagna til ÍTH er til 5. desember.

Hvert íþróttafélag eða deild innan fjölgreinafélaga hefur heimild til að tilnefna einn íþróttakarli og íþróttakonu auk þess að mega tilnefna lið ársins. Með tilnefningu skal fylgja greinargerð um árangur og rökstuðningur fyrir tilnefningu viðkomandi. Íþróttá- og tómsbundanefnd og stjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar er jafnframt heimilt að tilnefna íþróttafólk eða lið ef ástæða þykir til. Íþróttá- og tómsbundanefnd velur allt að 10 konur og 10 karla sem tilnefnd eru sem íþróttakarli og íþróttakona Hafnarfjarðar.

Skilyrði er að viðkomandi sem tilnefndir eru sem íþróttakarli og íþróttakona starfi/leiki með hafnfirsku íþróttafélagi á síðasta keppnistímabili og skal viðkomandi keppa á efsta stigi í sinni íþróttgrein.

3. grein

Íþróttá- og tómsbundanefnd er heimilt að kalla til fagaðila til upplýsingagjafar við val á íþróttamanni ársins.

Í lok desember veitir Íþróttá- og tómsbundanefnd þeim einstaklingum sem tilnefndir voru í kjörið íþróttamaður ársins í Hafnarfirði fyrir liðið ár, viðurkenningu í samræmi við reglugerð þessa.

Á viðurkenninguna skal ritað nafn íþróttamannsins, viðeigandi ártal og skal verðlaunagripurinn vera í vörslu hans það ár sem hann hefur verið valinn. Íþróttamanni ársins er jafnframt veitt viðurkenning til eignar. Bæjarstjóri Hafnarfjarðar eða staðgengill hans afhendir farandbikar sem íþróttakarli og íþróttakona Hafnarfjarðar varðveita í eitt ár og á bikarinn skal ritað nafn viðkomandi. Íþróttakarli og íþróttakona Hafnarfjarðar fá

einnig afhentan eignarbikar sem er gjöf. Lið ársins skal fá samsvarandi eignarbikar.

4. grein

Faglegt mat á útnefningu skal vera í höndum Íþróttá- og tómsbundanefndar. Við mat á árangri skal m.a. horft til þess hvort viðkomandi sé í landsliði, hvort árangur sé á alþjóðavettvangi, hvort viðkomandi hafi sett Íslandsmet og sé Íslandsmeistari. Gerð er krafa til þess að íþróttamaðurinn sé góð fyrirmynd, innan vallar sem utan. Standi tveir íþróttamenn efstir og jafnir að mati loknu hjá Íþróttá- og tómsbundanefnd, kjósa fulltrúar milli þeirra tveggja.

Við val á liði ársins skal horft á árangur innanlands.

5. grein

Afhending viðurkenninga og tilkynning á vali íþróttaliði, íþróttakonu og íþróttakarls Hafnarfjarðarbæjar fer fram á Íþróttá- og viðurkenningahátíð Hafnarfjarðar eigi síðar en 10. janúar ár hvert.

Samþykkt í Íþróttá- og tómsbundanefnd 19. mars 2020